

Fundargerð 69. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 1. mars 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Skilgreining grunnþjónustu**
- 2. Áhersluverkefni landshluta**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þór Þórarinnsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Hermann Sæmundsson (SRN). Laufey K. Skúladóttir og Kristján Þ. Halldórsson frá Byggðastofnun voru einnig viðstödd hluta fundarins.

Fjarverandi: Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Skilgreining grunnþjónustu

Laufey K. Skúladóttir frá Byggðastofnun kynnti tillögu að skilgreiningu Byggðastofnunar að opinberri grunnþjónustu, sem hún hefur unnið ásamt Kristjáni Þ. Halldórssyni og Sigríði K. Þorgrímsdóttur, en stýrihópurinn hafði fengið tillöguna senda í tölvupósti fyrir fundinn. Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Meðal annars komu fram þau sjónarmið að tillagan væri of víðtæk og gera þyrfti á henni kostnaðarmat einstakra þátta og skilgreina þurfi verkefnið nánar.

2. Áhersluverkefni landshluta

Formaður fór, ásamt verkefnisstjóra, yfir 32 ný áhersluverkefni sóknaráætlana landshlutanna. Þar af voru 22 staðfest, sex varð að geyma vegna tímaskorts þar af þarf að biðja um frekari upplýsingar í fjórum tilfellum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25